Hagtíðindi
Statistical Series

Hagstofa Íslands

Lífskjör - Greinargerð

20. nóvember 2026

Greinargerð um endurskoðun lífskjararannsóknar Hagstofu Íslands 2021-2026

Survey on Income and Living Condition 2021-2026 Revision Report

Samantekt

Hagstofa Íslands hefur endurskoðað lífskjararannsóknina (EU-SILC) og birtir nú samræmda tímaröð lykilmælinga fyrir árin 2021–2026, ásamt öryggisbilum. Tilefnið er tvíþætt. Annars vegar ný rammareglugerð Evrópusambandsins frá 2021 sem gerir auknar kröfur um nákvæmni og hins vegar nauðsynlegar úrbætur til að bregðast við vaxandi brottfalli í úrtaki rannsóknarinnar.

Endurskoðunin nær til þriggja þátta, mælinga, gagnasöfnunar og voga. Lykilmælingar koma nú í meira mæli úr stjórnsýslugögnum sem eykur nákvæmni þeirra. Úrbætur í gagnasöfnun á grundvelli betri þekju í tengiliðaupplýsingum skilaði sér í betri svörun árið 2026. Svarhlutfall einstaklinga með erlendan bakgrunn sem hafa búið hér í þrjú ár eða lengur fór þannig úr 18% í 43% milli ára og heildarsvarhlutfall hækkaði um 10 prósentustig í 55%. Vogir voru auk þess endurskoðaðar frá grunni. Hönnunarvog fylgir nú heimilinu, fjöldi heimila er metinn á grundvelli vogaskiptingar sem fengin er úr rannsókninni sjálfri og leiðrétting fyrir brottfalli byggist á samræmdu mati úr stjórnsýslugögnum.

Lágtekjuhlutfall einstaklinga mælist nú á bilinu 7,4–9% yfir tímabilið 2021–2026 og Gini-stuðullinn á bilinu 22,2–23,6. Lágtekjuhlutfallið víkur um 0,6–1,6 prósentustig frá áður birtum tölum fyrir 2021–2023 og Gini-stuðullinn er nú 1,6–1,7 stigum lægri fyrir árin 2021 og 2022. Endurskoðun voga er helsta ástæða þess að niðurstöður endurskoðaðrar lífskjararannsóknar víkja frá áður birtum tölum.

Við samanburð milli ára þarf að hafa í huga að endurskoðun lífskjararannsóknarinnar veldur broti í tímaröðinni milli áranna 2020 og 2021. Tölur áranna 2021–2026 eru sambærilegar sín á milli, en samanburður við fyrri ár (2004-2020) er háður áðurnefndum úrbótum.

1 Ástæður endurskoðunar

1.1 Reglugerðabreyting

Árið 2021 tók gildi ný rammareglugerð um evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, (EB) nr. 2019/1700, sem leysti af hólmi reglugerð (EB) nr. 1177/2003 um evrópsku lífskjararannsóknina auk annarra reglugerða í hagtölum félagsmála. Nokkrar breytingar sem fylgdu nýju reglugerðinni höfðu bein áhrif á úrtaksgerð, úrvinnslu rannsóknarinnar og mat á niðurstöðum. Sú sem vóg þyngst var krafa um nákvæmni lykilmælinga. Áður hafði verið sett fast lágmark á úrtaksstærð, en nú var krafan sett fram sem hámark á staðalvillu lykilmælinga sem ræðst af matinu sjálfu og stærð þýðisins. Fyrir fámennt þýði eins og hið íslenska hefði þetta þýtt stækkun úrtaks í hlutfallslega stærra úrtak en í fjölmennari löndum, með samsvarandi kostnaði og svarbyrði. Hagstofan ákvað því að stækka ekki úrtakið heldur ná viðmiðum um nákvæmni með öðrum hætti, nánar tiltekið með endurskoðun voga og aukinni notkun samtengdra stjórnsýslugagna.

Lítið snúningsúrtak, þar sem hvert heimili er í fjögur ár, gerir þó mat á dreifni óstöðugra. Það nægir ekki að staðalvillan sé lág, einnig þarf að sýna fram á að matið á henni sé áreiðanlegt. Með fáum svarendum og mörgum skrefum í vogagerð (kafli 2.3) verður matið á lykilmælingunum óstöðugra. Að sama skapi þarf að gera auknar kröfur til mats á dreifni og lýsingar í aðferðafræði. Þá kallar aukin notkun stjórnsýslugagna á aukna réttmætisprófun til þess að samræma þessi gögn við þær skilgreiningar sem liggja til grundvallar lífskjararannsókninni[1], meðal annars með samtengingu og samanburði gagna (kafli 2.1).

1.2 Brottfall og breytt samfélagsgerð

Lífskjararannsóknin er úrtaksrannsókn. Úrtak lífskjararannsóknarinnar er einfalt slembiúrtak einstaklinga sem dregið er úr mannfjöldagrunni Hagstofunnar 1. janúar ár hvert. Úrtaksramminn tekur til allra einstaklinga 16 ára og eldri sem eiga lögheimili á Íslandi, án tillits til ríkisfangs og teljast til mannfjöldans á Íslandi samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar. Sá sem dreginn er, hér nefndur valinn svarandi, veitir upplýsingar um heimili sitt og heimilið telst þar með í úrtakinu. Úrtökin eru því óbein í þeim skilningi að úrtakseiningin (einstaklingur) og greiningareiningin þegar hún er heimili, fara ekki alltaf saman[2].Hvert heimili er svo í úrtakinu í fjögur ár samfleytt. Fyrsta árið er nefnt 1. bylgja, annað árið 2. bylgja og svo framvegis. Á hverju ári bætist nýr árgangur heimila við rannsóknina og annar lýkur þátttöku. Á hverju ári eru því fjórir árgangar í rannsókninni, hver um sig úrtak úr öllu þýðinu.

Brottfall (e. non-response) er þegar ekki fást svör frá heimili sem valið var í úrtak og tilheyrir þýði rannsóknarinnar, oftast vegna þess að ekki næst í heimilið eða það hafnar þátttöku. Brottfall í lífskjararannsókninni, sem og öðrum úrtaksrannsóknum, hefur aukist verulega[3]. Svörun í lífskjarannsókninni sveiflaðist í kringum 75% milli 2004 og 2015 en hefur farið lækkandi frá 2016. Þannig var það 74% bæði árið 2004 og árið 2016 og um 80% árin 2010–2012, en var komið niður í 45% árið 2025 og hafði þá aldrei verið lægra í sögu rannsóknarinnar.


Brottfall er í sjálfu sér ekki vandi ef það er jafnt milli hópa og ótengt því sem á að mæla, því þá má leiðrétta fyrir því með vogum. Með breyttri samsetningu íbúa á hvorugt lengur við. Frá 1. janúar 2016 til 1. janúar 2026 fjölgaði íbúum landsins úr 326.036 í 394.324 og stóðu innflytjendur undir 70% fjölgunarinnar. Hlutfall innflytjenda af íbúum hækkaði úr 9,1% í 19,6% (mynd 1). Aðflutningur sveiflast auk þess með efnahagslífinu, svo að samsetningin breytist hratt milli ára. Þessar breytingar hafa þýðingu fyrir þrjá þætti rannsóknarinnar: hverjir lenda í úrtakinu, hverjir svara og hvaða upplýsingar eru tiltækar um þá sem svara ekki.

---

[1] Stjórnsýslugögn eru almennt ekki hönnuð til hagtölugerðar og því síður til samanburðar milli Evrópulanda.
[2] Sjá til dæmis Lavallée, P. (2007). *Indirect Sampling*. Springer Series in Statistics. Springer.
[3] Sjá til dæmis Einarsson, H., Sakshaug, J. W., Vilhjálmsdóttir, A., & Sigurðsson, Ó. M. (2026). Trends in Labour Force Survey Response Rates and Components of Nonresponse Bias: Evidence from the 2003 to 2023 Icelandic LFS. *Journal of Official Statistics*, *0*(0). https://doi.org/10.1177/0282423X261505762 fyrir yfirlit yfir svarhlutfall í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Mynd 1. Innflytjendur sem hlutfall íbúa 1. janúar 1996–2026

Figure 1. Immigrants as a share of the population on 1 January 1996–2026



Skyggt: tímabilið frá 2017. Heimild: Hagstofa Íslands, MAN43000.


Á árunum 2004 – 2024 var úrtak rannsóknarinnar dregið úr mannfjöldagrunni Hagstofunnar. Grunnurinn byggir á þjóðskrá þar sem skráning miðast við að sá skuli skrá hér lögheimili sem dvelur hérlendis í sex mánuði eða lengur[1]. Við gerð manntals 2021 kom í ljós að íbúafjöldi samkvæmt þjóðskrá var ofmetinn um 10 þúsund manns. Árið 2024 bjuggu 14,9% skráðra erlendra ríkisborgara ekki á landinu, samanborið við 5,7% árið 2017, en meðal íslenskra ríkisborgara var hlutfallið 1,3–1,5% (mynd 2). Af þessu er ljóst að þeir sem flytja úr landi tilkynna þjóðskrá það alltaf, ekki síst þeir sem flytja innan Evrópska efnahagssvæðisins[2].

Sá sem er fluttur úr landi en enn skráður getur hins vegar lent í úrtaki og náist ekki í hann telst hann til brottfalls þótt hann tilheyri sannarlega ekki þýðinu. Hluti af auknu brottfalli er því í raun ofþekja í úrtaksrammanum vegna skekkju í skráningu þjóðskrár. Árið 2024 tók Hagstofan upp nýja aðferð við mat á íbúafjölda sem tekur mið af öðrum stjórnsýslugögnum, svo sem staðgreiðslu skatta og skráningu í nám[3], og með henni er nú hægt að greina á milli þeirra sem hafa raunverulega búsetu á Íslandi og þeirra sem að öllum líkindum hafa hér ekki fasta búsetu (kafli 2.2). Frá og með árinu 2025 hefur úrtak lífskjararannsóknarinnar tekið mið af þessu og undanskilið þá sem eru taldir búa annarsstaðar en á Íslandi, samkvæmt mati Hagstofu Íslands á mannfjölda á Íslandi.

[1] Sjá Lögheimili – upplýsingar fyrir innflytjendur | Ísland.is
[2] Sjá Manntal og húsnæðistal 1. janúar 2021 - Hagstofa Íslands
[3] Sjá Ný aðferð við mat á íbúafjölda á Íslandi - Hagstofa Íslands

Mynd 2. Skráðir í þjóðskrá en ekki íbúar samkvæmt aðferð Hagstofunnar frá 2024, 2011–2024

Figure 2. Registered in the national register but not residents according to Statistics Iceland's method from 2024, 2011–2024




Tala ofan á súlu: hlutfall skráðra erlendra ríkisborgara sem bjuggu ekki á landinu. Heimild: Hagstofa Íslands, MAN90003.

Í öðru lagi er svörun ójöfn milli hópa. Svarhlutfall hefur lækkað í öllum hópum en mest meðal innflytjenda. Meðal einstaklinga með innlendan bakgrunn lækkaði það úr 75% árið 2004 í 53% árið 2025, en úr 58% í 17% meðal einstaklinga með erlendan bakgrunn sem hafa búið á Íslandi í þrjú ár eða lengur. Meðal þeirra sem hafa búið hér skemur var það 6–11% árin 2021–2025. Á sama tíma jókst hlutur einstaklinga með erlendan bakgrunn í úrtakinu úr 4% í 21%. Svörun er einnig lakari meðal yngri aldurshópa, einmenningsheimila og tekjulágra. Tekjulægstu 20% svöruðu í 36–44% tilvika árin 2021–2025 en tekjuhæstu 20% í 57–66% (mynd 3).

Mynd 3. Svarhlutfall í 1. bylgju 2021–2026

Figure 3. Response rate in the first wave 2021–2026




Bakgrunnur og tekjur: valdir einstaklingar 16 ára og eldri, eigin skráðar tekjur í fimmtungum þýðisins. Heimilisgerð: heimili, stærð þeirra sem ekki svara úr þjóðskrá, frá 2025 eftir fasteignanúmeri íbúðar í stað fjölskyldunúmers. Hópar með færri en 20 eru ekki sýndir. Skyggt: 2026, fyrsta árið með símanúmer úr island.is. Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn.

Þetta eru jafnframt hóparnir sem oftast eru undir lágtekjumörkum. Lágtekjuhlutfall heimila einstæðra foreldra var að meðaltali 27,7% árin 2021–2026 og karla sem búa einir 17,2%, en 4,1–6,5% á heimilum tveggja eða fleiri fullorðinna (mynd 4). Brottfallið tengist því beint því sem rannsókninni er ætlað að mæla.

Mynd 4. Lágtekjuhlutfall heimila eftir heimilisgerð 2021–2026

Figure 4. At-risk-of-poverty rate of households by household type 2021–2026



Súla: meðaltal áranna; punktar: einstök ár. Hlutfall heimila, ekki einstaklinga. Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn, endurreiknuð á endurskoðuðum vogum.

Í þriðja lagi skortir upplýsingar um heimili þeirra sem svara ekki. Athugunareining rannsóknarinnar er *einkaheimili* (e. private household), það er þeir einstaklingar sem deila björgum til lífsviðurværis og húsnæði[1]. Lágtekjuhlutfall ræðst því ekki aðeins af tekjum fólks heldur einnig af því hverjir búa saman. Heimili eru hins vegar hvergi afmörkuð í íslenskum stjórnsýslugögnum. Heimilisstærð þeirra sem ekki svara hefur hingað til verið metin út frá upplýsingum um fjölskyldunúmer sem fengin eru úr þjóðskrá og álagningarskrá Skattsins (stundum talað um sem framtöl einstaklinga). Fjölskyldunúmer nær aðeins til hjóna eða sambúðarfólks og barna þeirra undir lögaldri[2]. Álagningarskráin veitir upplýsingar um tekjur samskattaðra einstaklinga en segir ekki til um hverjir búa raunverulega saman[3].

Uppkomið barn í foreldrahúsum taldist því sérstakt heimili og eins sá sem kemur til landsins til að vinna og deilir húsnæði með öðrum. Báðir fengu vog eins og einmenningsheimili og slíkum tilvikum fjölgar eftir því sem brottfall eykst. Í manntalinu 2021 voru heimili afmörkuð eftir fasteignanúmeri lögheimilis, sem tiltæk eru í þjóðskránni frá árinu 2020[4], og töldust þau 130.849. Áður birtur fjöldi heimila í lífskjararannsókninni var sama ár 158.714, eða 21% fleiri, og einmenningsheimili 52.500 samanborið við 38.158 í manntalinu sem lýsir vel þeim mun sem verður til þegar stuðst er við mismunandi upplýsingar úr stjórnsýsluskrám.

Endurskoðunin tekur á öllum þessum þremur þáttum. Bætt gagnasöfnun jafnar svörun milli hópa (kafli 2.2). Endurskoðaðar vogir greina þá sem eru fluttir úr landi frá brottfalli og leiðrétta fyrir brottfalli með tegund íbúðar úr stjórnsýslugögnum, sem er mæld eins hjá þeim sem svara og þeim sem svara ekki (kafli 2.3).

2 Bætt aðferðafræði lífskjararannsóknar

[1] Sjá reglugerð um evrópska félagsmálatölfræði: Regulation - 2019/1700 - EN - EUR-Lex
[2] Hvað eru lögheimilistengsl (áður kallað fjölskyldunúmer)? Um lögheimilistengsl | Þjóðskrá
[3] Gögn úr árlegum skattaframtölum veita upplýsingar um samsköttun sambýlisfólks og hjóna, en sú eining er jafnvel enn smærri en fjölskyldunúmer og gagnast ekki til þess að leggja mat á stærð og gerð heimila.
[4] Manntal og húsnæðistal 1. janúar 2021: 1a02f09f-c76d-40db-9bb9-2239c3c3bd27.pdf

2.1 Nákvæmari lykilmælingar


Íslenskar stjórnsýsluskrár eru ríkar af upplýsingum í alþjóðlegu samhengi og má nýta þær í hagtölugerð, meðal annars til að bæta nákvæmni, við gerð voga og til þess að draga úr svarbyrði. Skýr heimild Hagstofunnar[1] til þess að afla slíkra gagna og samtengja þau við önnur gögn er þannig mikilvæg til að tryggja gæði hagtalna. Á grundvelli þessara heimilda var kallað eftir ítarlegri gögnum en áður höfðu verið aðgengileg Hagstofunni frá Tryggingastofnun ríkisins, auk þess sem nýting annarra stjórnsýslugagna var aukin í þeim tilgangi að bæta gæði talna úr lífskjararannsókninni.

Aukin notkun stjórnsýslugagna hefur einkum breytt mælingu ráðstöfunartekna og húsnæðiskostnaðar. Áður var árleg álagningarskrá (eða framtöl einstaklinga) notuð sem grunnur flestra tekjuliða. Álagningarskráin duga þó ekki ein og sér, bæði vegna þess að tekjur eru ekki alltaf færðar í rétta reiti á framtalsforminu og vegna þess að lífskjararannsóknin krefst ítarlegri sundurliðunar tekna en þar er að finna. Upplýsingar sem fást úr stjórnsýslugögnum hafa sjaldnast beina samsvörun við tekjuliði samkvæmt skilgreiningum lífskjararannsóknarinnar og innihald þeirra þarf þannig að réttmætisprófa með samanburði við aðrar heimildir. Til dæmis inniheldur launareitur skattframtals (liður 2.1) eina ársupphæð sem sameinar allar launagreiðslur ársins, þar á meðal greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og eftirlaun frá vinnuveitanda. Lífeyrissjóðsgreiðslur, greiðslur frá Tryggingastofnun og tekjur af sjálfstæðri starfsemi eru hins vegar færðar í aðra liði. Til þess að passa við sundurliðun tekna samkvæmt skilgreiningum lífskjararannsóknar þarf að greina á milli þeirra, svo sem með því að nýta upplýsingar úr staðgreiðsluskrá þar sem greint er á milli greiðslutegunda og greiðanda, og svo úr launamiðum.


Nú eru flestir tekjuliðir lífskjararannsóknarinnar því settir saman úr fleiri en einum stjórnsýslugögnum (mynd 5) og svör í viðtali nýtt aðeins þar sem stjórnsýslugögn ná ekki til. Aukin notkun stjórnsýslugagna hafði það einnig í för með sér að hægt var að fækka spurningum í lífskjararannsókn um 17 á milli 2025 og 2026, úr 462 í 445. Samsetning lykilmælinga er því nú ekki aðeins nákvæmari en áður, heldur einnig hefur verið hægt að fækka spurningum rannsóknarinnar og minnka þannig svarbyrði.

Mynd 5. Myndin sýnir hvernig nýting samtengdra stjórnsýslugagna hefur verið aukin í lykilmælingum lífskjararannsóknar

Figure 5. How the use of linked administrative data has been increased in the key indicators of the Survey on Income and Living Conditions



[1] Sjá II.kafla í 163/2007: Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð | Lög | Alþingi




2.2 Bætt gagnasöfnun

Árið 2026 voru símanúmer í fyrsta sinn sótt úr stjórnsýsluskrá, frekar en opnum símaskrám. Þetta þýddi að þekja símanúmera batnaði til muna og að betur gekk að ná til hópa sem almennt höfðu ekki skráð símanúmerin sín í opnum skrám. Í kjölfarið batnaði svörun í lífskjararannsókninni, en sérstaklega meðal hópa sem áður hafði verið erfitt eða ógerningur að ná í. Til dæmis fór svarhlutfall einstaklinga með erlendan bakgrunn sem höfðu búið hér í þrjú ár eða lengur úr 18% í 43%, þeirra sem höfðu búið hér skemur úr 6% í 30%, einmenningsheimila úr 44% í 60% og tekjulægstu 20% úr 36% í 45% (myndir 3 og 6). Mælikvarði á hve jöfn svörunin er milli hópa (frá 0 til 1, þar sem 1 merkir jafna svörun) hækkaði úr 0,60–0,65 í 0,75. Svörun í lífskjararannsókn er því mun jafnari árið 2026 en frá 2021 til 2025.

Mynd 6. Brottfall í 1. bylgju eftir ástæðu og bakgrunni 2004–2026

Figure 6. Non-response in the first wave by reason and background 2004–2026



Árið 2004, fyrsta ár rannsóknarinnar, var haft samband við öll heimili í fyrsta sinn. Frá 2026 eru símanúmer fengin frá island.is. Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn.

2.3 Endurbættar vogir

Samhliða bættri gagnasöfnun voru vogir heimila í rannsókninni endurskoðaðar frá grunni fyrir árin 2021–2026. Vog heimilis segir til um hve mörg heimili í landinu það stendur fyrir í niðurstöðunum. Árið 2026 svöruðu 3.065 heimili rannsókninni og stóð hvert þeirra að meðaltali fyrir um 54 heimili. Vogirnar eru reiknaðar í sex skrefum. Hvert skref tekur á einni ástæðu þess að heimilin sem svara eru ekki eins samsett og heimili landsins í heild.

1. Hönnunarvog. Heimili hafa misjafnar líkur á að lenda í úrtakinu eftir því hve margir fullorðnir búa þar. Hönnunarvogin jafnar þann mun.
2. Vogaskipting. Heimilin breytast á þeim fjórum árum sem þau eru í úrtakinu og vogin fylgir nú breytingunum.
3. Leiðréttingfyrir brottfalli. Sumir hópar svara síður en aðrir. Þau heimili í þessum hópum sem svara fá hærri vog fyrir hönd hinna.
4. Hámark á leiðréttingu. Leiðréttingin fyrir brottfalli er takmörkuð svo að eitt heimili ráði ekki of miklu um niðurstöðurnar.
5. Árgangar lagðir saman. Fjórir árgangar eru í rannsókninni á hverju ári og hver þeirra stendur fyrir alla þjóðina. Vogunum er því deilt með fjórum.
6. Kvörðun. Vogirnar eru lagaðar að metnum mannfjölda , meðal annars eftir kyni, aldri og tekjum.

Mestu skipta tvær breytingar frá fyrri aðferð. Hönnunarvogin fylgir nú breytingum á heimilinu (skref 2) og fjöldi heimila er metinn í rannsókninni sjálfri en ekki festur við tölu úr þjóðskrá. Auk þess byggist leiðréttingin fyrir brottfalli nú á upplýsingum úr þjóðskrá um íbúð valda svarandans, kvarðað er að tveimur nýjum hópum og afmörkun þýðisins hefur verið löguð. Breytingarnar miða einkum að því að heimili af ólíkri stærð vegi rétt í niðurstöðunum.

2.3.1 Hönnunarvog og vogaskipting

Úrtak lífskjararannsóknarinnar er dregið úr einstaklingum 16 ára og eldri úr mannfjöldagrunni Hagstofunnar og heimili hins valda einstaklings fylgir með. Heimili með þrjá fullorðna er því þrefalt líklegra að lenda í úrtakinu en heimili með einn fullorðinn og hönnunarvogin er í öfugu hlutfalli við fjölda þeirra fullorðnu á heimilinu sem gátu lent í úrtakinu. Hvert heimili er í úrtakinu í fjögur ár og á þeim tíma breytast mörg þeirra, uppkomið barn flytur að heiman, par slítur samvistum, maki fellur frá eða nýr heimilismaður flytur inn. Áður hélt heimili hönnunarvog fyrsta viðtals allt tímabilið sem heimilið var í rannsókninni. Heimili sem hafði misst fullorðinn heimilismann og var ef til vill orðið einmenningsheimili, hélt þá vog sem var reiknuð fyrir stærra heimili og var of lág, en heimili sem hafði bætt við sig fullorðnum hélt vog sem var of há.

Nýja aðferðin, *vogaskipting* (e. weight share), lætur hönnunarvogina fylgja breytingum á heimilinu á meðan það er í rannsókninni. Í 2.–4. bylgju er vog heimilisins meðaltal af vogum þeirra heimilismanna sem gátu lent í úrtakinu þegar árgangur heimilisins var dreginn, það er þeirra sem voru þá 16 ára og eldri og með lögheimili á Íslandi. Valdi svarandinn ber hönnunarvog sína en hinir enga, því að þeir voru ekki valdir. Sé hönnunarvog valda svarandans til dæmis 170 og tveir slíkir heimilismenn á heimilinu er vog þess 85, en flytji annar þeirra út verður hún 170. Flytji inn fullorðinn sem gat lent í úrtakinu lækkar vogin, en nýfætt barn, barn sem verður 16 ára og einstaklingur sem flutti til landsins síðar breyta henni ekki. Heimili sem er óbreytt heldur upphaflegri hönnunarvog sinni, en það á við um 78–83% af vegnum fjölda heimila í eldri árgöngum og 81–84% af heimilunum í úrtakinu. Vogin hækkaði hjá heimilum sem stóðu fyrir 13–19% af vegnum fjölda og lækkaði hjá 3–4%.

Áhrifin af þessari breytingu á vogunum má sjá á því að áður var hlutfall einmenningsheimila að jafnaði 3,0 prósentustigum hærra í nýjasta árgangi úrtaksins en í eldri árgöngunum árin 2021–2026, þótt einmenningsheimili hverfi ekki oftar úr úrtakinu en önnur heimili. Munurinn stafaði af vogunum, ekki af svöruninni, og með vogaskiptingu minnkar hann í 0,6 prósentustig að jafnaði. Árið 2025 fjölgaði heimilum um 3.300 og einmenningsheimilum um 2.700 vegna vogaskiptingarinnar einnar. Vogaskiptingin breytir þannig ekki því hverjir teljast til heimilis, aðeins vægi þess í lykilmælingum.

2.3.2 Leiðrétting fyrir brottfalli

Hönnunarvoginni er deilt með svarlíkindum heimilisins, það er líkunum á að sambærilegt heimili svari. Heimili með 50% svarlíkindi fær tvöfalda vog og stendur þá einnig fyrir sambærilegt heimili sem svaraði ekki. Svarlíkindin eru metin með lógistískri aðhvarfsgreiningu fyrir hvern árgang og ná bæði til brottfalls á fyrsta ári og brotthvarfs á síðari árum.

Í líkaninu eru upplýsingar úr stjórnsýslugögnum um valda svarandann um kyn, aldur, tekjufimmtung, bakgrunn og lengd dvalar á Íslandi, auk þess hve margir búa í íbúð hans. Íbúðirnar eru flokkaðar í sex flokka eftir fjölda íbúa og fjölskyldna. Þetta er helsta breytingin á þessu skrefi. Áður var heimilisstærð mæld í viðtali hjá þeim sem svara en sótt í fjölskyldunúmer þjóðskrár hjá þeim sem svara ekki, þannig að uppkomið barn í foreldrahúsum og einstaklingur sem deilir húsnæði með öðrum fengu vog eins og einmenningsheimili (kafli 1.2). Nú er fjöldi íbúa tekinn úr þjóðskrá fyrir alla í úrtakinu og er því mældur á sama hátt hjá þeim sem svara og þeim sem svara ekki. Flokkun íbúða er notuð frá 2023. Árin 2021–2022 er stærð fjölskyldunúmers notuð, nú fyrir alla í úrtakinu.

Heimili sem reynast utan þýðis teljast ekki til brottfalls og eru tekin út áður en svarlíkindin eru metin. Það á við þegar valdi svarandinn er látinn, fluttur úr landi, kominn á stofnun eða býr í vinnubúðum eða starfsmannabústað. Áður gat sá sem var fluttur úr landi en enn skráður í þjóðskrá talist til brottfalls (kafli 1.2).

Leiðréttingin er takmörkuð svo að eitt heimili ráði ekki of miklu um niðurstöðurnar (klipping, e. trimming). Leiðréttingarstuðull heimilis, það er hve mikið vogin hækkar vegna brottfalls, má í mesta lagi vera þrefalt hærri en meðalstuðull sambærilegra heimila og í minnsta lagi þriðjungur hans. Sambærileg heimili eru í sömu bylgju og sama hópi eftir bakgrunni og lengd dvalar á Íslandi. Auk þess má stuðullinn ekki vera meira en tífalt hærri en meðalstuðull allra heimila sem svöruðu. Þau mörk voru eftir næmnigreiningu sem leiddi í ljóst stök heimili geta hreyft lágtekjuhlutfall árs um nærri eitt prósentustig.

2.3.3 Kvörðun að mannfjölda

Að lokum eru vogirnar kvarðaðar (e. calibrated) þannig að vegnar tölur úr rannsókninni falli að mannfjölda 1. janúar könnunarársins, þar sem markmiðið er að fínstilla vogir miðað við tiltækar upplýsingar. Áður er vogum árganganna fjögurra deilt með fjórum, því að hver árgangur er úrtak úr allri þjóðinni. Kvarðað er að fjölda einstaklinga eftir kyni, aldri, tekjuþriðjungi, þéttbýlisstigi og bakgrunni. Kvörðunin er gerð á heimilum og allir heimilismenn fá sömu vog, þannig að niðurstöður fyrir heimili og einstaklinga byggjast á sömu vogum.

Frá 2023 er einnig kvarðað að tveimur nýjum hópum úr stjórnsýslugögnum, einstaklingum í íbúð sem er í eigu einhvers íbúanna og einstaklingum sem eru einir skráðir í íbúð, skipt í yngri en 67 ára og 67 ára og eldri. Þetta jafnar það að leigjendur hætta oftar þátttöku í rannsókninni milli ára en eigendur og að eldri einstaklingar sem búa einir haldast oftar inni. Loks eru þeir sem fluttu til landsins árið fyrir rannsóknarár nú taldir með í þýðinu sem vogirnar eru kvarðaðar að. Skráðar tekjur þeirra ná aðeins til hluta ársins og því er tekjuflokkur þeirra í kvörðuninni fenginn frá einstaklingum sem fluttu til landsins næstu tvö ár á undan og eru sambærilegir að fæðingarlandi eða heimshluta, kyni, aldurshópi og því hvort þeir eigi maka sem er skráður í þjóðskrá. Tilreiknuðu tekjurnar eru aðeins notaðar til að raða í tekjuþriðjunga og tekjur í rannsókninni breytast ekki.

Heildartölurnar sem kvarðað er að ná til einstaklinga á einkaheimilum. Íbúar vinnubúða og starfsmannabústaða eru ekki taldir með og frá 2025 ekki heldur íbúar stofnana, svo sem hjúkrunarheimila.

Tenging einstaklinga við íbúðir í stjórnsýslugögnum er fyrst aðgengileg fyrir lífskjararannsóknina í janúar 2025. Árin 2023–2024 er íbúðin nálguð með húsi og íbúðarnúmeri og prófanir á gögnum ársins 2025 sýna að sú nálgun setur 98,8% einstaklinga í sama flokk og fasteignanúmer. Árin 2021–2022 er skráning einstaklinga í íbúðir ekki aðgengileg. Auk þess hefur Hagstofan ekki aðgang að samþykktum lista yfir vinnubúðir og því eru þær afmarkaðar með reglu á stjórnsýslugögnum.

Reglan byggist á skráðri notkun húsnæðisins í fasteignaskrá, eða á því að íbúar séu margir, lögaðili meðal eigenda og flestir fullorðnir íbúar einir í fjölskyldunúmeri. Þessir einstaklingar falla utan þýðis og eru því teknir út. Flokkun íbúða og nýju kvörðunarhóparnir tveir eru ekki notuð fyrir þessu ár. Hönnunarvogin, vogaskiptingin og kvörðun án fjölda heimila eru eins öll árin. Árin 2021–2024 eru vinnubúðir afmarkaðar eftir þeim stöðum sem töldust vinnubúðir 2025 eða 2026.

2.3.4 Fjöldi heimila metinn í rannsókninni

Eins og rakið er hér að framan er hvergi að finna samræmda afmörkun heimila í íslenskum stjórnsýslugögnum. Í fyrsta áfanga endurskoðunarinnar var sú leið prófuð að kvarða vogirnar að heildarfjölda heimila og fjölda einmenningsheimila í heimilatalningu mannfjöldatölfræði Hagstofunnar fyrir árið 2025, sem byggist á fjölskyldunúmeri og skráningu fólks í íbúðir í þjóðskrá. Mat á fjölda heimila í rannsókninni var þá bundið við þessa talningu, og fjöldi fullorðinna á heimili og hlutfall einmenningsheimila samkvæmt henni voru notuð sem fast viðmið aftur í tímann. Hönnunarvogin var svo felld að þessu mati. Þessari leið var hafnað, því að prófunin leiddi í ljós þrennt sem mælir gegn því að nota upplýsingar úr þjóðskrá til að meta fjölda heimila og með því að meta fjöldann frekar út frá rannsókninni sjálfri.

Í fyrsta lagi skilar talning úr stjórnsýsluskránni afmörkun heimilis sem fellur ekki að heimilisskilgreiningu lífskjararannsóknarinnar. Samkvæmt reglugerð (EB) 2019/2181 teljast til heimilis þeir sem deila tekjum eða útgjöldum og búa saman, en upplýsingum um þetta er aðeins hægt að ná fram í viðtali. Heimilatalningin byggist á skráningu í íbúðir þar sem eitt heimili jafngildir íbúum í íbúð, en þröngbýlum íbúðum er þó skipt í fjölskyldueiningar. Í samræmi við þetta teljast til dæmis vinnubúðir og starfsmannabústaðir sem heimili og sambýlingar sem ekki deila framfærslu sem eitt heimili. Besta regla sem smíða má úr stjórnsýslugögnum setur aðeins 71–73% einstaklinga í sama heimili og viðtalið gerir, en í Danmörku, þar sem heimilisskráning er nákvæmari, er samsvörunin 94%. Þetta gefur til kynna að nálgun á heimilum út frá upplýsingum úr þjóðskrá falli illa að heimilisskilgreiningu lífskjararannsóknarinnar. Þessi slæma samsvörun er vandi þar sem aðferðafræðilegar leiðbeiningar Eurostat gera ráð fyrir að kvörðunarbreytur séu fyllilega sambærilegar við samsvarandi breytur rannsóknarinnar.

Í öðru lagi breytti kvörðunin samsetningu úrtaksins. Fjöldi heimila sem var metinn út frá upplýsingum úr þjóðskrá voru færri en mat byggt á úrtakinu, um 151 þúsund samanborið við 158 þúsund árið 2025. Til að ná þeirri tölu þurfti kvörðunin að setja fleiri einstaklinga á hvert heimili. Vægið færðist frá minni heimilum til stærri, þar sem tekjur fleiri heimilismanna leggjast saman, og það lækkaði bæði lágtekjuhlutfall og Gini-stuðul. Heimili einstæðra foreldra urðu um helmingi færri en stjórnsýslugögn benda til.

Í þriðja lagi þarf úrtakshönnunin ekki fjölda heimila utan frá. Úrtakið er einfalt slembiúrtak einstaklinga og hefðbundin hönnunarvog metur heildarfjölda íbúða í stjórnsýslugögnum innan einnar staðalvillu, 150.159 íbúðir árið 2025 samanborið við 149.670 í gögnunum. Vandinn liggur því ekki í úrtakinu heldur í því hvernig heimili eru afmörkuð í stjórnsýslugögnum. Þessu til stuðnings má benda á að Noregur og Svíþjóð, sem draga einstaklingsúrtök eins og Ísland, kvarða aðeins að fjölda einstaklinga.

Á þessum grundvelli var ákveðið að meta fjölda heimila út frá rannsókninni sjálfri og birta hann með vikmörkum (tafla 1). Fjöldinn er samanlögð lokavog heimilanna, 166.500 árið 2026. Talning íbúa í íbúðir úr þjóðskrá má þó nota til samanburðar fyrir réttmætisprófun. Slíkur samanburður sýnir að séu íbúar vinnubúða teknir úr talningunni eru einmenningsheimili þar um 47 þúsund árið 2025, samanborið við um 47.300 sem er matið sem kemur úr rannsókninni. Heildarfjöldi heimila er hærri í rannsókninni, einkum vegna þess að í sömu íbúð búa stundum fleiri en eitt heimili, til dæmis leigjendur herbergja eða ættingjar með aðskilinn fjárhag.

Tafla 1. Fjöldi heimila 2021–2026, ný aðferð og kvörðun að heimilatalningu

Table 1. Number of households 2021–2026, new method and calibration to the household count

Ár	Heimili, ný aðferð	95% vikmörk	Heimili, kvörðun að heimilatalningu
2021	153.700	±2.800	138.700
2022	157.900	±3.100	141.000
2023	160.700	±2.800	143.200
2024	161.900	±3.200	147.500
2025	161.200	±3.800	151.300
2026	166.500	±3.300	153.700


Vikmörk með 95% öryggi, metin með endurteknum úrtökum þar sem öll skref voganna eru endurtekin. Tölur námundaðar að næsta hundraði. Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn.

2.3.5 Áhrif á niðurstöður

Samkvæmt nýrri aðferð voru heimili 153.700–166.500 árin 2021–2026 samanborið við 138.700–153.700 í prófuninni þar sem kvarðað var að heimilatalningu (mynd 7). Lágtekjuhlutfall er 0,7–2,1 prósentustigum hærra en í þeirri prófun og Gini-stuðullinn 0,3–1,5 stigum hærri, einkum vegna þess að vægið færist aftur frá stórum heimilum til minni, þar sem tekjur færri heimilismanna leggjast saman. Íbúar vinnubúða breyta lágtekjuhlutfallinu um 0,2 prósentustig eða minna. Breytingar milli ára eru að jafnaði minni en áður. Samanburður við áður útgefnar tölur er í kafla 3.

Mynd 7. Fjöldi heimila, lágtekjuhlutfall einstaklinga og Gini-stuðull 2021–2026, ný aðferð og kvörðun að heimilatalningu

Figure 7. Number of households, at-risk-of-poverty rate of individuals and Gini coefficient 2021–2026, new method and calibration to the household count



Skyggt: 95% vikmörk og öryggisbil nýrrar aðferðar. Kvörðun að heimilatalningu var prófuð í fyrsta áfanga endurskoðunarinnar. Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn.

Lagt verður í áframhaldandi vinnu við að eyða óvissu um búsetu. Sambýlingar sem deila aðeins leigu teljast sérstök heimili samkvæmt skilgreiningu lífskjararannsóknarinnar en það kemur ekki fram í núverandi spurningalista. Frá 2027 verður spurt um það og þangað til gætu heimili verið nokkru fleiri en hér er metið. Rétt er að leggja áherslu á að vikmörkin ná til óvissu vegna úrtaks, leiðréttingar fyrir brottfalli og kvörðunar en ekki til óvissu um val á líkani fyrir brottfall.

3 Brot í tímaröð lífskjararannsóknar

Innleiðing nýrrar rammareglugerð um evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, (EB) 2019/1700 veldur broti í tímaröð lífskjararannsóknarinnar milli áranna 2020 og 2021, óháð þeirri endurskoðun vogagerðar og úrvinnslu sem nauðsynleg er til að bregðast við breyttri samsetningu þjóðarinnar.


Hagstofan kannar nú hvort unnt sé að endurskoða hagtölur úr lífskjararannsókn fyrir árin fram til 2021 til að bæta samanburð yfir tíma. Möguleikar á slíkri endurskoðun ráðast af því hvort tiltæk stjórnsýslugögn leyfi slíka endurskoðun. Við samanburð talna fyrir og eftir 2021 þarf að taka mið af broti í tímaröðinni milli áranna 2020 og 2021.

3.1 Mat á áhrifum brots í tímaröð

Mynd 8 og tafla 2 sýna lágtekjuhlutfall einstaklinga og Gini-stuðulinn á endurskoðuðum gögnum ásamt áður birtum tölum á hagstofa.is. Lágtekjuhlutfallið var 8,4% árið 2021, 9,0% árið 2022, 7,4% árið 2023 og 8,1–8,5% árin 2024–2026. Gini-stuðullinn var á bilinu 22,2–23,6.

Mynd 8. Lágtekjuhlutfall einstaklinga og Gini-stuðull, áður birtar og endurskoðaðar tölur

Figure 8. At-risk-of-poverty rate of individuals and Gini coefficient, previously published and revised figures



Skyggt: 95% öryggisbil endurskoðuðu talnanna. Áður birtar tölur eru úr eldri töflum (LIF01130 og LIF01110). Þessar töflur hafa núna verið sameinaðar og tölur og vikmörk uppfærð. Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn.

Breytingar á lágtekjuhlutfalli milli ára eru innan skekkjumarka. Samanburður við allt þýðið í stjórnsýslugögnum sýnir að þær stafa að stórum hluta af tilviljun í úrtakinu. Hlutfall 16 ára og eldri með eigin tekjur undir 60% af miðgildi breyttist um −0,5 til +0,1 prósentustig milli ára í stjórnsýslugögnum, en sama mæling í rannsókninni um −1,7 til +1,3 prósentustig. Staðalvilla breytingar milli ára í rannsókninni er 0,9–1,1 prósentustig. Lágtekjuhlutfallið var lægst árið 2023, en ekkert bendir til marktækrar þróunar upp eða niður yfir tímabilið.

Tafla 2. Lágtekjuhlutfall einstaklinga og Gini-stuðull, 2021–2026

Table 2. At-risk-of-poverty rate of individuals and Gini coefficient, 2021–2026


Ár	Lágtekjuhlutfall, %	95% öryggisbil	Áður birtar tölur	Gini-stuðull	95% öryggisbil	Áður birtar tölur
2021	8,4	6,7–10,1	9,7	22,8	21,2–24,4	24,4
2022	9,0	7,0–11,0	8,4	22,5	21,2–23,8	24,2
2023	7,4	5,4–9,4	9,0	22,2	21,0–23,5	–
2024	8,1	5,6–10,6	–	22,6	21,2–23,9	–
2025	8,5	5,9–11,0	–	22,4	21,1–23,7	–
2026	8,5	6,5–10,6	–	23,6	22,0–25,1	–

Lágtekjumörk: 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Öryggisbil reiknuð með heimili sem klasa; mörkin talin föst. Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn.

Lágtekjuhlutfall einstaklinga með innlendan bakgrunn var 6,6% árin 2021–2023 og 5,6% árin 2024–2026 (mynd 9). Hjá einstaklingum með erlendan bakgrunn sem hafa búið á Íslandi í þrjú ár eða lengur var það 8,9% og 13,0% á sömu tímabilum og hjá þeim sem hafa búið hér skemur 30,9% og 28,6%. Öryggisbilin skarast, einkum hjá þeim sem hafa búið hér skemur en þrjú ár og eru fáir í úrtakinu, svo að breytingar milli tímabila þarf að staðfesta með fleiri árum eða stærra úrtaki.

Mynd 9. Lágtekjuhlutfall eftir bakgrunni og lengd dvalar á Íslandi, samanlögð ár 2021–2023 og 2024–2026

Figure 9. At-risk-of-poverty rate by background and length of stay in Iceland, pooled years 2021–2023 and 2024–2026



Lóðrétt strik: 95% öryggisbil. Þrjú ár lögð saman vegna fárra svarenda. Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn.

Fimmtungastuðullinn (S80/S20) ber saman samanlagðar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu hjá tekjuhæstu 20% og tekjulægstu 20%. Hann var 3,0–3,3 árin 2021–2026, samanborið við 3,5 í áður birtum tölum árin 2021 og 2022 (tafla 3).

Tafla 3. Fimmtungastuðull (S80/S20) 2021–2026

Table 3. Income quintile share ratio (S80/S20) 2021–2026

Ár	Fimmtungastuðull	95% öryggisbil	Áður birtar tölur
2021	3,1	2,9–3,3	3,5
2022	3,1	2,9–3,3	3,5
2023	3,1	2,9–3,3	–
2024	3,1	2,9–3,3	–
2025	3,0	2,8–3,2	–
2026	3,3	3,0–3,6	–

Samanlagðar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu hjá tekjuhæstu 20% deilt með þeim hjá tekjulægstu 20%. Öryggisbil reiknuð með heimili sem klasa. Áður birtar tölur eru úr eldri töflu (LIF01110). Heimild: Hagstofa Íslands, lífskjararannsókn.

Endurskoðað lágtekjuhlutfall er 1,3 prósentustigum lægra en í áður birtum tölum árið 2021, 0,6 prósentustigum hærra árið 2022 og 1,6 prósentustigum lægra árið 2023 og Gini-stuðullinn 1,6 og 1,7 stigum lægri árin 2021 og 2022. Engin ein ástæða er fyrir þessum mun þar sem hann stafar af mörgum aðgerðum sem bætt hafa gæði rannsóknarinnar til muna.

English summary

Statistics Iceland has revised the Survey on Income and Living Conditions (EU-SILC) and now publishes a harmonized time series of key indicators for 2021–2026, together with their confidence intervals. The revision was undertaken for two main reasons: the introduction of a new EU framework regulation in 2021, which sets stricter precision requirements, and the need to improve the survey methodology in response to increasing non-response rates among sampled households.

The revision covers three main areas: measurement, data collection and weighting. Key indicators are now derived to a greater extent from administrative data, improving their accuracy. Enhancements to data collection, including better coverage of contact information, contributed to a higher response rate in the 2026 survey. Among individuals with a foreign background who have lived in Iceland for three years or longer, the response rate rose from 18% in 2025 to 43% in 2026. The overall response rate increased by 10 percentage points to 55%. In addition, substantial changes were made to the weighting methodology. Design weights are now assigned at the household level, the number of households is estimated using weights derived from the survey itself, and the non-response adjustment is based on estimates informed by administrative data.

The at-risk-of-poverty rate for individuals now ranges from 7.4% to 9% over the period 2021–2026 and the Gini coefficient from 22.2 to 23.6. The at-risk-of-poverty rate deviates by 0.6–1.6 percentage points from previously published data for 2021–2023, and the Gini coefficient is now 1.6–1.7 points lower for 2021 and 2022. Revised weights explain the key difference in the revised and previously published data.

When comparing across years, it should be noted that the survey revision introduces a break in the time series between 2020 and 2021. Data for 2021–2026 are comparable over time, whereas comparisons with earlier years (2004–2020) are affected by the methodological improvements described above.

.

Hagtíðindi Lífskjör

Statistical Series *Quality of Life*

111 árg. ◆ 2. tbl. 20. nóvember 2026

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Arndís Vilhjálmsdóttir ◆ arndis.vilhjalmsdottir@hagstofa.is

Sindri Emmanúel Antonsson ◆ sindri.e.antonsson@hagstofa.is

Þórdís Birna Borgarsdóttir ◆ thordis.b.borgarsdottir@hagstofa.is

Anton Örn Karlsson ◆ anton.o.karlsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ◆ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ◆ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.